

Erasmus+ fyrir háskólastúdenta



Skiptinám

Fyrir hvern?

Stúdentum sem hafa lokið einu ári í háskólanámi (60 ECTS einingum í grunnnámi) stendur til boða að fara í skiptinám í háskóla í einu af 33 þáttökulöndum Erasmus+ í Evrópu sem heimaskóli hefur gert samstarfssamning við.

Stúdentar á öllum stigum háskólanáms geta farið í skiptinám í allt að 12 mánuði á hverju námstímabili. Námskeið eru metin að fullu af heimaskóla.

Styrkupp hæðir

- 670 €, 720 € eða 770 € eftir áfangastað á mánuði + ferðastyrkur sem er á bilinu 275 € - 820 € eftir áfangastað.

Hægt er að sækja um viðbótarstyrk vegna fötlunar.

Umsóknarfrestur er 1. mars ár hvert

en hægt er að sækja um eftir umsóknarfrest ef styrkir eru enn til staðar. Stúdentar sækja um styrk beint til síns háskóla. Nánari upplýsingar er að finna hjá starfsfólki á alþjóðaskrifstofum háskólanna og á www.erasmusplus.is

Erasmus+ fyrir háskólastúdentu



Starfsnám á námstímabili

Starfsnám eftir útskrift

Fyrir hvern?

Stúdentu á öllum stigum háskólanáms og fyrir nýútskrifaða allt að ári eftir útskrift.

Til hvers?

Stúdentum sem hafa lokið einu ári í háskólanámi (60 ECTS einingum í grunnnámi) stendur til boða að fara í starfsnám á öllum stigum háskólanáms í einu af 33 þáttökulöndum Erasmus+ um alla Evrópu.

Stúdentar geta farið í 2-12 mánuði í starfsnám á hverju námstímabili eða að því loknu. Starfsnám er að fullu metið af heimaskóla. Heimaskóli þarf að skrifa undir námssamning og starfsnámið verður að tengjast því fagi sem stúdent útskrifast úr. Hægt er að sækja starfsnám hjá stórum alþjóðastofnunum, sjálfstætt starfandi fræðimönnum, háskólastofnunum, fyrirtækjum, þar á meðal íslenskum fyrirtækjum með starfsemi í Evrópu, svo eitthvað sé nefnt.

Stúdentar sjá sjálfir um að útvega sér starfsnám og geta nýtt sér leitarsíðuna erasmusintern.org

Styrkupphæðir

- 670 €, 720 € eða 770 € eftir áfangastað á mánuði + ferðastyrkur sem er á bilinu 275 € - 820 € eftir áfangastað.

Hægt er að sækja um viðbótarstyrk vegna fötlunar.

Umsóknarfrestur er 1. mars ár hvert

en hægt er að sækja um eftir umsóknarfrest ef styrkir eru enn til staðar. Stúdentar sækja um styrk beint til síns háskóla. Sækja þarf um starfsnám sem tekið er að námi loknu fyrir útskrift. Nánari upplýsingar er að finna hjá starfsfólki á alþjóðaskrifstofum háskólanna og á www.erasmusplus.is



Erasmus+
www.erasmusplus.is